

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Austurlands föstudaginn 16. febrúar 2007 í máli nr. Q-2/2006:

K

(Dögg Pálsdóttir hrl.)

gegn

M

(Einar Sigurjónsson hdl.)

I.

Aðild og dómkröfur

Með bréfi dags. 20. september 2006, sem barst dóminum 25. september sama ár, krafðist sóknaraðili opinberra skipta til fjárslita á milli sín og varnaraðila með vísan til 100. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. Málið var þingfest 17. október 2006 og var kröfunni mótmælt af hálfu varnaraðila. Með vísan til 3. mgr. 44. gr. laga nr. 20/1991, sbr. 1. mgr. 120. gr. sömu laga var ágreiningsmálið þegar tekið til meðferðar án tilkynninga samkvæmt 127. gr. og 128. gr. sömu laga. Málið var tekið til úrskurðar að afloknum munnlegum málflutningi 29. janúar sl.

Sóknaraðili er K, kt. 000000-0000, [heimilisfang].

Varnaraðili er M, kt. 000000-0000, [heimilisfang].

Sóknaraðili krefst þess að bú hennar og varnaraðila verði tekið til opinberra skipta. Jafnframt er þess krafist að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðila málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að viðbættum virðisaukaskatti.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist að kröfu sóknaraðila um opinber skipti til fjárslita á milli málsaðila verði hrundið. Þá er þess krafist skiptatryggingar úr hendi sóknaraðila verði skiptabeiðni tekin til greina. Loks er krafist málskostnaðar úr hendi sóknaraðila samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi og virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

II.

Málavextir

Málsaðilar hófu óvígða sambúð á árinu 2002 eða 2003, en samkvæmt gögnum málsins skráði sóknaraðili lögheimili sitt hjá varnaraðila að [...] 1. mars 2003. Á heimilinu voru auk málsaðila, dóttir varnaraðila og sonur sóknaraðila og sambýliskona hans. Fram kemur í greinargerð sóknaraðila að hún hafi mest allan sambúðartímann unnið heima, en þó einnig stundað vinnu utan heimilis, samanber framlögð skattframtöl.

Sóknaraðili heldur því fram að varnaraðili hafi verið mjög illa stæður fjárhagslega þegar sambúð þeirra hófst. Hann hafi skuldað mikið og að tekjum þeirra beggja hafi til að byrja með verið ráðstafað að miklu leyti til að greiða niður gamlar skuldir varnaraðila. Sóknaraðili kveðst einnig hafa verið talsvert skuldsett en málsaðilar hafi ákveðið að greiða af lánum sóknaraðila svo að þau misstu ekki húsnæðið, sem oftast en einu sinni hafði verið sett á nauðungarsölu. Sóknaraðili segir að þegar hún hafi flutt inn á heimili þeirra að [...] hafi nánast ekkert innbú verið til staðar, en hún hafi flutt allt sitt innbú á heimilið og saman hafi þau keypt það sem upp á vantaði. Þá hafi þau lagt út í talsverðar framkvæmdir við húsnæðið og hafi sóknaraðili tekið þátt í þeim framkvæmdum öllum með varnaraðila.

Fram kemur í gögnum málsins að málsaðilar gengust undir tæknifrjóvgunarmeðferð á tímabilinu frá júní til ágúst 2005, en samkvæmt 3. gr. laga nr. 55/1996 um tæknifrjóvgun er eitt af skilyrðum þess að kona undirgangist slíka meðferð að hún sé og hafi verið í óvígðri sambúð, sem staðið hafi samfelld í þrjú ár hið skemmsta. Í ágúst 2005 rituðu málsaðilar undir sameiginlega beiðni um að þau yrðu skráð í óvígða sambúð.

Haustið [...] kom upp eldur í fasteign varnaraðila að [heimilisfang] og urðu nokkrar skemmdir á innanstokksmunum og fasteigninni sjálfri. Fengu málsaðilar greiddar bætur vegna tjónsins, sem sóknaraðili kveður hafa farið í að endurgera íbúðina, s.s. eldhús og fleira, svo og til að kaupa ný húsgögn.

Málsaðilar slitu samvistum í desember 2005 og flutti sóknaraðili þá aftur til [...]. Í greinargerð sóknaraðila kemur fram að þegar hún hugðist breyta skráningu sinni hjá þjóðskrá hafi hún komist að því að málsaðilar hafi ekki verið skráð í sambúð þar sem maðurinn hefði ekki gengið frá lögskilnaði við fyrrum eiginkonu sína. Varnaraðili kveðst hafa staðið í erfiðu skilnaðarmáli meðan á sambúð málsaðila stóð eða frá [...] og að bú hans hafi verið undir opinberum skiptum frá [...]. Hafi skuldir búsins verið umtalsvert meiri en eignir.

Fram kemur í greinargerð varnaraðila að sambúð málsaðila hafi verið stormasöm og að á ætluðum sambúðartíma hafi sóknaraðili m.a. búið með öðrum manni, þ.e. á árinu 2002. Varnaraðili kveður sóknaraðila hafa flutt búslóð þá, sem hún hafi komið með sér í búið, burt þegar sambúðinni lauk og þá kveður varnaraðili að lýsing sóknaraðila á greiðslu á skuldum varnaraðila með öllu ósanna, enda sé hún ekki studd neinum gögnum.

III.

Málsástæður

Af hálfu sóknaraðila er á því byggt að samkvæmt 100. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. sé eina skilyrðið fyrir opinberum skiptum til fjárlita á milli karls og konu sem slíti óvígðri sambúð sé að þau hafi búið saman í tvö ár hið skemmsta eða eigi barn saman. Sóknaraðili kveðst telja sannað að málsaðilar uppfylli fyrra skilyrðið um tveggja ára sambúð.

Hvorki í ákvæðinu sjálfu né í greinargerð með ákvæðinu sé kveðið á um að skilyrði sé að sambúð séð skráð með formlegum hætti. Þrátt fyrir að svo væri telji sóknaraðili það sannað að henni hafi verið með öllu ókunnugt um þá staðreynd að sambúð þeirra hafi verið óskráð og verið í þeirri trú að um skráða sambúð væri að ræða. Óumdeilt sé að aðilar hafi verið í sambúð í mun lengri tíma en tvö ár eða um fjögur ár.

Sóknaraðili bendir á að með framlagningu vottorðs Hagstofu Íslands sé sannað að málsaðilar hafi verið í óvígðri sambúð, en í vottorðinu komi fram að hún hafi átt skráð lögheimili á sameiginlegu heimili málsaðila frá 1. mars 2003 til 26. janúar 2006. Raunveruleg sambúð hafi reyndar hafist fyrr og varað fram undir lok ársins 2005.

Þá byggir sóknaraðili á því að málsaðilar hafi undirgengist tæknifrjóvgunarmeðferð en í 3. gr. laga um tæknifrjóvgun nr. 55/1996 sé kveðið á um það að tæknifrjóvgun megi aðeins framkvæma ef konan er í óvígðri sambúð sem staðið hafi samfelt í þrjú ár hið skemmsta og að þau hafi bæði samþykkt aðgerðina skriflega og við votta. Þetta sanni ótvírætt sambúð málsaðila og hversu alvarlegt samband þeirra raunverulega var.

Sóknaraðili kveðst telja sannað að heimilishald málsaðila hafi verið sameiginlegt og að fjárhagur þeirra hafi verið sameiginlegur að því leyti að hún hafi unnið inni á heimilinu en varnaraðili hafi aflað tekna til sameiginlegs heimilishalds. Óumdeilt sé að sóknaraðili hafi stuðlað því að bæta aðstöðu varnaraðila til tekjuöflunar með vinnu sinni á sameiginlegu heimili þeirra. Þau hafi þó ekki talið fram til skatts saman enda sé sambúðarfólki það ekki skylt lögum samkvæmt.

Sóknaraðili kveðst þannig byggja kröfu sína um að bú hennar og fyrrverandi sambýlismanns hennar, varnaraðila, verði tekið til opinberra skipta á því að skilyrði 100. gr. skiptalaga nr. 20/1991 séu uppfyllt eins og skilyrði hennar hafi verið túlkuð í dómum Hæstaréttar. Í búinu séu til staðar eignir sem séu nægar til að standa til tryggingar skiptakostnaði og því sé ekki nauðsynlegt að leggja fram skiptatryggingu í málinu.

Þar sem það sé ekki skilyrði 100. gr. skiptalaga að sameiginlegt fjárfélag hafi stofnast með aðilum verði sá ágreiningur væntanlega leystur fyrir skiptastjóra, en sóknaraðili telji ótvírætt að fjárfélag hafi myndast með málsaðilum á sambúðartímum.

Sóknaraðili kveður málskostnaðarkröfu sína byggja á ákvæðum XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 130. gr. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun byggi á lögum nr. 50/1988 þar sem lögmönnum sé gert að innheimta virðisaukaskatta vegna þjónustu sinnar. Sóknaraðili sé ekki virðisaukaskattskyldur vegna þessa málareksturs og því sé honum nauðsynlegt að

fá skattinn tildæmdan úr hendi varnaraðila.

Í greinargerð varnaraðila er því haldið fram að málsaðilar hafi aðeins verið skráðir með sama lögheimili í 21 mánuð og því uppfylli sá tími ekki skilyrði 100. gr. laga nr. 20/1991 um lengd sambúðartíma. Við munnlegan málflutning hvarf varnaraðili frá þessari málsástæðu þar sem hann hefði vantalið þá mánuði, sem málsaðilar hefðu verið skráðir með sama lögheimili samkvæmt framlögðu vottorði Hagstofu Íslands.

Varnaraðili bendir hins vegar á að málsaðilar hafi ekki talið sameiginlega fram til skatts svo sem sambúðarfólki sé heimilað samkvæmt skattalögum og myndi vera til merkis um sameiginlegan og samofin fjárhag. Þá hafi málsaðilar ekki verið með sameiginlegan atvinnurekstur og ekki átt börn saman. Tilraun til barneigna breyti því ekki að sambúð málsaðila hafi staðið stutt. Loks hafi málsaðilar ekki gert samning um skipti á eignum og skuldum ef til sambúðarslita kæmi.

Af hálfu varnaraðila er vísað til sjónarmiða sem fram komi í dómi Hæstaréttar í máli nr. 44/1994 um skilyrði þess að um óvígða sambúð geti verið að ræða. Þar komi fram að skilyrði þess að um óvígða sambúð sé að ræða séu m.a. þau að málsaðilar haldi sameiginlegt heimili og að fjárhagur þeirra sé svo samofin að ekki verði sundur greindur til hlítar. Varnaraðili heldur því fram að fjárhagur málsaðila hafi ekki verið samofinn, heldur aðskilinn. Málsaðilar hafi ekki talið fram til skatts saman, þeir hafi ekki haft sameiginlega bankareikninga og þá hafi þeir ekki keypt eignir eða aðra muni saman á sambúðartímanum. Fasteignin [...] sé þinglýst eigna varnaraðila og hafi verið það frá árinu 1981. Á eigninni hvíli nú veðskuldir að jafnvirði 28 milljónir króna.

Bú varnaraðila hafi verið undir opinberum skiptum frá [...] til [...] og hafi umráð eigna varnaraðila því verið háð reglum laga nr. 20/1991. Þær hafi verið til staðar áður en sambúð málsaðila hófst og geti því ekki verið grundvöllur eignamyndunar í sambúð málsaðila.

Af hálfu varnaraðila er bent á að samkvæmt skattframtali sóknaraðila 2004 hafi hún skuldað 1.850.063 krónur, samkvæmt skattframtali árið 2005 4.383.595 krónur, en í skattframtali 2006 séu engar skuldir taldar fram og heldur engar eignir. Varnaraðili haldi því fram að hann hafi greitt vegna sóknaraðila 3.610.459 krónur. Þá hafi sóknaraðili ekki talið fram þær eignir sem hún telji upp í beiðni til héraðsdóms, hvorki lausafé né fasteignir og þar sé heldur ekki gerð grein fyrir kröfu í brunatjón að [...]. Þá er af hálfu varnaraðila bent á að eignamyndun hafi ekki orðið vegna brunatjóns að [...] og því geti sóknaraðili ekki hafa eignast hlutdeild í bótunum. Með tryggingabótum sé verið að bæta skaða, sem orðið hafi á þeim eignum sem hafi verið til fyrir. Af framlögðum gögnum verði ekki ráðið að um samofin og ósundurgreinanlegan fjárhag málsaðila hafi verið að ræða. Sóknaraðili hafi engin rök fært fram fyrir því að um sameiginlega eignamyndun málsaðila hafi verið að ræða á sambúðartímanum.

Loks bendir varnaraðili á að sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að sameiginlegar eignir séu í búinu eða gert það líklegt, en við lok opinberra skipta á búi varnaraðila og fyrrverandi eiginkonu hans hafi varnaraðili skuldað rúmar [...] milljónir króna. Því sé gerð krafa um greiðslu skiptatryggingar úr hendi sóknaraðila verði beiðni sóknaraðila tekin til greina, sbr. 101. gr. laga nr. 20/1991.

Um lagarök vísar varnaraðila til laga nr. 20/1991 með síðari breytingum og meginreglna laga nr. 91/1991 um meðferð opinberra mála. Hann kveður málskostnaðarkröfu sína byggða á XXI. kafla laga nr. 91/1991, sérstaklega 130. gr., en krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun sé byggð á lögum nr. 50/1988, en samkvæmt þeim sé lögmönnum gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni.

IV.

Niðurstaða

Deila málsaðila lýtur að því hvort uppfyllt séu skilyrði 100. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. og því hvort fallast megi á kröfu sóknaraðila um opinber skipti til fjárslita á milli þeirra.

Í 100. gr. laga nr. 20/1991 segir að ef karl og kona slíta óvígðri sambúð eftir að hafa búið saman samfleytt í að minnsta tvö ár eða búið saman skemmri tíma og annað hvort eignast barn eða að konan sé þunguð af völdum karlsins, geti annað þeirra eða þau bæði krafist opinberra skipta til fjárslita á milli þeirra.

Það hefur almennt verið talin óvígð sambúð þegar karl og kona búa saman sem hjón án þess að hafa gengið í hjúskap. Ennfremur hefur það verið talið hugtaksskilyrði að með þeim hafi myndast einhverskonar fjárhagsleg samstaða á sambúðartímanum en eðli málsins samkvæmt er það forsenda fjárskipta á milli sambúðarfólks að ekki sé um algjörlega aðskilinn fjárhag að ræða.

Ágreiningslaust er að málsaðilar voru skráðir með sameiginlegt lögheimili að [...] frá 1. mars 2003 til 23. janúar 2006 eða í tæp þrjú ár. Sambúð þeirra var þó ekki skráð hjá Hagstofu Íslands þar sem varnaraðili hafði ekki gengið frá lögskilnaði sínum við fyrrverandi eiginkonu sína. Þá er ágreiningslaust að málsaðilar héldu á þessum tíma sameiginlegt heimili að [...] og að á heimilinu dvöldu börn þeirra úr fyrri samböndum. Sóknaraðili heldur því fram að hún hafi mestallan sambúðartímann annast heimilisstörf á sameiginlegu heimili málsaðila, en sú fullyrðing fær stoð í framlögðum skattframtölum hennar sem sýna að hún var mjög tekjulítill á árunum 2003 og 2005. Bendir það ótvírætt til þess að fjárhagsleg samstaða hafi skapast á milli málsaðila á sambúðartímanum. Þá er og fram komið að málsaðilar gengust undir tæknifrjóvgunarmeðferð sumarið 2005. Allt bendir þetta til þess að málsaðilar hafi búið saman eins og hjón á sambúðartímanum, þ.e. haldið saman heimili og deilt borði og sæng. Með vísan til alls framangreinds þykir fullnægt því skilyrði 100. gr. laga nr. 20/1991 að málsaðilar hafi búið í óvígðri sambúð í að minnsta kosti tvö ár. Er því fallist á kröfu sóknaraðila um að fram fari opinber skipti til fjárslita á milli hans og varnaraðila vegna slita á óvígðri sambúð þeirra.

Af gögnum málsins þykir ljóst að eignir munu nægja til greiðslu skiptakostnaðar og þykja því ekki efni til að verða við varakröfu varnaraðila.

Eftir þessum málsúrslitum bera að úrskurða varnaraðila til að greiða sóknaraðila 250.000 krónur í málskostnað og er þar með talinn virðisaukaskattur

Ragnheiður Bragadóttir dómstjóri kveður upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Opinber skipti til fjárslita skulu fram á milli sóknaraðila, K, og varnaraðila, M.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 250.000 krónur í málskostnað.

Ragnheiður Bragadóttir